

Fundargerð 346. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands þriðjudaginn 16. maí

Árið 2012, þriðjudaginn 15. maí kl. 18:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hótel Ísafirði í Ísafjarðarbæ.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson og varamennirnir Guðmundur Kristjánsson og Björn Arnaldsson. Steinþór Pétursson hafði boðað forföll.

Gísli Gíslason ritaði fundargerð og var hún færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Fulltrúar hafnasambandsins, Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, gerðu grein fyrir störfum nefndar þeirrar sem unnið hefur að endurskoðun hafnalaga.

Upplýst var um fyrirhugaðan fund með innanríkisráðherra þriðjudaginn 29. maí nk.

2. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Farið yfir drög að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður í Vestmannaeyjum í september nk.

3. Vigtun sjávarafli - 0901002HA

Rætt um áður fyrirhugað tilraunaverkefni um fjarvigtun. Guðmundur Kristjánsson fór yfir málið hvað varðar hafnir Ísafjarðarbæjar. Ekkert varð úr tilraunaverkefni í þessu efni eins og til stóð.

Stjórn HÍ samþykkir að óska eftir upplýsingum frá Fiskistofu um verkefnið og hvetur jafnframt til þess að fjarvigtun verði heimiluð.

4. Ferð um Vestfirði - 1202002HA

Í tengslum við stjórnarfundinn heimsótti stjórn HÍ hafnarsvæði og fyrirtæki í Bolungarvík, Súðavík, á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Fundi var slitið kl. 19:30.

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson